


Nr.: LMS-017	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 20.04.2016		
Höf: KK	Jafnréttisáætlun	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 4		

JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Jafnréttisáætlun TS er verkfæri til þess að hrinda stefnunni í framkvæmd með skipulögðum hætti. Jafnréttisáætluninni er skipt í tvo hluta:

Vinnustaðurinn / starfsfólk Tækniskólans

Skólastarf, nemendur nám og kennsla.

Áætluninni er ætlað að jafna stöðu kvenna og karla innan skólans og stuðla að því að allir fái notið sín án tillits til kyns. Jafnréttisnefnd TS ber ábyrgð á að gera jafnréttisáætlun á grundvelli jafnréttisstefnu skólans og skal hún kynnt starfsfólki og nemendum. Áætlunina skal endurskoða á tveggja ára fresti og meta með hliðsjón af jafnréttisstefnunni og þeim árangri sem náðst hefur samkvæmt settum markmiðum.

Fulltrúar í jafnréttisnefnd 2015-16:

- Helga Rakel Þorgilsdóttir kennari
- Kolbrún Kolbeinsdóttir skólastjóri
- Ómar Árnason bókavörður
- Sigurður Einar Jónsson nemandi - formaður NST
- Þórdís Guðmundsdótti námsráðgjafi - jafnréttisfulltrúi og formaður nefndar

ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Jafnframt segir að jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu og í skólastarfi almennt skuli endurskoða á þriggja ára fresti.

Skólameistari skal tryggja að áætluninni verði framfylgt og að hún verði uppfærð með tilliti til 18. gr. laga nr. 10/2008.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt af skólameistara Tækniskólans þann 02.03.2015 og verður endurskoðuð fyrir lok árs 2017 .

VINNUSTAÐURINN / STARFSFÓLK

a. Jafnréttissjónarmið skal meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið við stöðuveitingar. Stefnt skal að sem jöfnustu hlutfalli kynja í sambærilegum störfum og skal sérstaklega hugað að skipun í stjórnendastöður og kennarastöður í greinum þar sem annað kynið er ríkjandi.


Aðgerð: Jafnréttisnefnd safnar saman kynjatölum nýrra og eldri starfsmanna frá stjórnendum.

Tími: Annað hvert ár, í fyrsta sinn vorið 2015.

Kynning: Á starfsmannafundi það sama vor og í ársskýrslu skólans.

b. Konur og karlar skulu njóta jafnra launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og eiga jafna möguleika á launuðum aukastörfum.

Aðgerð: Úttekt á launum og fríðindum starfsmanna, unnin af óháðum aðila, þar sem kynbundinn launamunur er kannaður sérstaklega.

Nr.: LMS-017	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 3.0		
Dags: 20.04.2016		
Höf: KK	Jafnréttisáætlun	
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 4		

Tími: Vor 2016.

Kynning: Á starfsmannafundi haustið 2016.

c. Gæta skal þess að konur og karlar eigi sömu möguleika á að samræma starf og einkalíf og koma til móts við þarfir starfsmanna s.s. með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annars konar vinnuhagræðingu þar sem því verður við komið.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd undirbýr hvernig kanna megi að hvaða marki og á hvern hátt komið er til móts við starfsmenn vegna fjölskylduaðstæðna. Nefndin tekur við ábendingum starfsfólks um hugsanlegar aðgerðir til úrbóta og kemur þeim til skólameistara. Jafnréttisnefnd hvetur stjórnendur til þess að hugsa út fyrir rammann og leita lausna með starfsmanni sem koma þarf til móts við.

Tími: Vor 2016.

Kynning: Könnun gerð haustið 2016.

d. Gæta skal jafnréttissjónarmiða þegar verkefnum er úthlutað og ábyrgð deilt. Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að kynjahlutfall sé sem jafnast.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd geri úttekt á hlutfalli kynja í nefndum og ráðum.

Tími: Annað hvert ár, í fyrsta sinn haustið 2015.

Kynning: Vorönn annað hvert ár, í fyrsta sinn vorið 2016.

e. Á hverju skólaári skal halda fræðslufund og/eða námskeið fyrir starfsfólk sem snertir jafnréttismál.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd skipuleggur í samráði við stjórnendur og samstarfsfólk sem kemur með hugmyndir og ábendingar

Tími: Árlega, í fyrsta sinn á vorönn 2015.

f. Vekja skal athygli á því sem vel er gert í jafnréttismálum innan skólans.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd leitar upplýsinga hjá starfsmönnum um og birtir frétt á heimasíðu skólans.


Tími: Á hverju skólaári, í fyrsta sinn á haustönn 2015.

g. Kynna skal viðbragðsáætlun gegn einelti og kynferðislegri áreitni og ofbeldi.

Aðgerð: Umfjöllun á kennarafundi.

Tími: Aðra hverja haustönn, í fyrsta sinn haustið 2015

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið eða farið á mis við reglur skólans skal hann leita til skólameistara, jafnréttisfulltrúa eða trúnaðarmanns Tækniskólans, sem finna málinu farveg.

Nr.: LMS-017	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 20.04.2016		
Höf: KK	Jafnréttisáætlun	
Ábm: Skólameistari		
Síða 3 af 4		

SKÓLASTARFIÐ / NEMENDUR

a. Þeir starfsmenn sem kynna skólann skulu gæta þess að höfða til beggja kynja og hvetja væntanlega nemendur til þess að kynna sér nám óháð staðalímyndum um hefðbundin karla- og kvennastörf.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd sé höfð með í ráðum þegar kynningarefni er útbúið. Fulltrúar skólans út á við, bæði nemendur og kennarar, séu af báðum kynjum, sé þess nokkur kostur.

Tími: Jafnréttisnefnd fer yfir drög að kynningarefni þegar slík vinna er í gangi og leitar upplýsinga um tilhögun kynninga á skólanum og hvort gætt hafi verið að kynjasjónarmiðum.

Kynning: Jafnréttisnefnd upplýsir starfsmenn um stöðu þessara mála árlega.

b. Kanna skal kynjaskiptingu nemenda, innan Tækniskólans og undirskóla hans, svo og kynjaskiptingu í félagslífi skólans, nefndum og ráðum innan Nemendasambandsins.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd safnar saman kynjatölum nemenda úr tölvukerfi og frá Nemendasambandinu.

Tími: Annað hvert ár, í fyrsta sinn vorið 2015.

Kynning: Á starfsmannafundi það sama vor og í ársskýrslu skólans.

c. Nemendur skólans skulu njóta fræðslu um jafnréttismál og fá kynningu á jafnréttisstefnu skólans, sem og viðbragðsáætlun ef kvörtun berst um kynferðislega áreitni eða ofbeldi, en hún liggur fyrir undir heitinu „viðbragðsáætlun gegn einelti“.

Aðgerð: Jafnréttisnefnd vinni að undirbúningi s.s. hvar þessi fræðsla eigi best heima og hvernig aðrir skólar hafi skipulagt jafnréttisfræðslu.

Tími: Árið 2015

Kynning: Á vorönn 2016 leggur Jafnréttisnefnd fram tillögur sínar Jafnréttisstefna skólans skal vera aðgengileg á heimasíðu sem og viðbragðsáætlun um kynferðislega áreitni eða ofbeldi

d. Leggja skal áherslu á jafnréttissjónarmið í allri kennslu í skólanum, sem komi fram m.a. í skipulagi náms, vali á námsefni, kennslu og samskiptum við nemendur.

1. Ýtt skal undir gagnrýna umfjöllun um hefðbundna kynjaskiptingu og kynhlutverk í náminu og benda á leiðir til að koma auga á og vinna gegn misrétti

2. Kennarar skulu gæta þess að vitna í sérfræðinga af báðum kynjum

3. Í kennslu skal unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynja- og staðalímyndum


4. Kennarar og annað starfsfólk skulu vera nemendum fyrirmynd um jafnréttissinnaða framkomu og veita stúlkum og piltum jöfn tækifæri til að tjá skoðanir sínar

5. Náms- og starfsráðgjafar skulu vera meðvitaðir um vægi kynbundinnar félagsmótunar á námsval nemenda og hvetja þá til að íhuga námsleiðir þar sem kynjaslagsíða er mikil

6. Starfsfólk allt gæti þess að gera ekki ráð fyrir að allir nemendur séu gagnkynhneigðir

Aðgerð: Í könnun ár hvert skal spyrja nemendur hvernig þeim þyki kennarar og annað starfsfólk standa sig hvað ofangreind atriði varðar. Einnig skal kanna hvort orðið „jafnrétti“ komi fyrir í kennsluáætlunum.

Tími: Árlega, í fyrsta sinn árið 2016.

Nr.: LMS-017	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 20.04.2016		
Höf: KK	Jafnréttisáætlun	
Ábm: Skólameistari		
Síða 4 af 4		

Kynning: Niðurstöður kynntar á kennarafundi árlega.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal hann leita til skólameistara, náms- og starfsráðgjafa, eða félagsfulltrúa TS sem finna málinu farveg.